



Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 16. apríl 2026

VEL26020029

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn velferðarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um fjarvistir barna í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs, 4. febrúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins sem vísað var til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Óskað er eftir upplýsingum um meðalfjölda fjarvistarstunda barna í grunnskólum borgarinnar. Upplýsingarnar óskast sundurliðaðar eftir skólum og skólastigum, þ.e. yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvernig brugðist er við fjarvistum barna úr skóla, þar á meðal hvaða verklag er viðhaft gagnvart foreldrum og eftir atvikum barnaverndaryfirvöldum.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lagt skýrar línur um viðbrögð og samvinnu kerfa vegna skólasóknar barna. Því til grundvallar er skýrsla teymis um skólaforðun barna sem gefin var út í desember 2017 og viðmið um [skólasókn barna í grunnskólum borgarinnar](#) sem skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkti haustið 2019. Þar er fjallað um hvernig bregðast skal við fjarvistum barna úr skóla, þar á meðal hvaða verklag er viðhaft í samvinnu við foreldra, miðstöðvar í hverfum og eftir atvikum barnaverndaryfirvöld. Nú er unnið að endurskoðun reglna og viðbragða vegna skólasóknar barna. Mennta- og barnamálaráðuneytið vinnur með sveitarfélögum að endurskoðuninni.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur ekki aðgang að upplýsingum um skólasókn nemenda sem skráð er í Mentor/Námfús. Á hverju ári eru skólarnir beðnir um að skila til skrifstofunnar upplýsingum um fjölda og hlutfall barna sem falla í efstu þreppin. Spurt er í lok hvers skólaárs og því eru ekki enn fyrirbyggjandi gögn fyrir núverandi skólaár.

Svörin gefa eftirfarandi til kynna í lok skólaársins 2024-2025:

	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi barna með 40 til 60 fjarvistarstig:	699	4,8%
Fjöldi barna með 60 eða fleiri fjarvistarstig:	698	4,8%
Heildar nemendafjöldi í mars 2025	14.514	



Reykjavík